



Brúðuleikhús hefur ætíð verið eitt aðaláhugamál Jóns E. Guðmundssonar og því er þessi flókna mynd táknræn fyrir hann. Hún heitir Stjórnandi hendur.

Þessar myndir eru hvergi límdar saman!

– Jón E. Guðmundsson undirbýr sýningu á verkum sínum

„Jú jú, þetta er geysileg þolinmæðisvinna, en ég hef líka alltaf verið talinn þolinmóður maður mér liggur ekkert á," sagði Jón E. Guðmundsson, myndlistarmaður, í stuttu spjalli við Vísi nýlega. Jón hefur nýlokið við gerð tveggja tréhöggmynda, sem eru svo flóknar og smágerðar, að undarlegt má teljast.



Myndirnar, sem hér birtast ljósmyndir af, eru báðar gerðar úr einu tré og fylgja útlínum trésins en ekkert er lím og ekki skeytt saman. Jón sagði að hann hefði verið í 3 mánuði að vinna að Stjórnandi hendur en hún er u.þ.b. 130 sm á hæð. Þegar vinna við myndina var langt komin, varð Jón að nota spelkur við hana, svo viðkvæm er hún og ekki er hægt að flytja hana milli húsa, án þess að nota spelkurnar. Hin myndin, Tvær kríur, er u.þ.b. 70-80 sm á hæð. Jón sagðist ætíð vinna þannig, að hann teiknaði myndina á tréð áður en hann byrjaði að höggva hana út.

Myndirnar ætlar Jón að sýna almenningi á sýningu á Kjarvalsstöðum í nóvember, en þá sýnir hann 20 höggmyndir, vatnslita- og olíumálverk, leikbrúður og sitthvað fleira. Einnig verður flutt leikritið Skugga-Sveinn í ofurlítið styttri gerð meðan á sýningunni stendur — að sjálfsögðu sem brúðuleikhús.

—IJ.

Þessi mynd, Tvær kríur, sýnir kríurnar togast á um síli. Báðar myndirnar eru gerðar úr einu tré. Myndir: Gunnar V. Andrésson.

Einstakt tækifæri

ÓDÝRT – ÓDÝRT – ÓDÝRT



Á meðan birgðir endast seljum við þessi

BORÐSTOFUHÚSGÖGN

með mjög góðum greiðsluskilmálum

KR. 95.000.- ÚTBORGUN

KR. 65.000.- Á MÁNUÐI

PÓSTSENDUM UM LAND ALLT

Vísir hf

Laugavegi 166

Simar 22222 og 22229

HÚSGAGNAVERSLUN GUÐMUNDAR

Hagkaupshúsinu, Skeifunni 15

Simi 82898

